




Gönguleiðir á sjö fjöll við Seyðisfjörð.




1. **Sandhólatindur** (einnig kallaður Hákarlshaus) 1154 m ($65^{\circ}18,697-14^{\circ}00,383$)
Hæsta fjall við Seyðisfjörð. Gangan hefst við Háubakka. Ágæt leið er úr Vestdal á tindinn. Farið er upp vesturhlíð fjallsins. Sneitt er hjá hamrabeltum upp hlíðina og eftir það er auðgengt á tindinn. Þegar lítið vatn er í Vestdalsá er áin stikluð fyrir neðan foss, að öðrum kosti er farið yfir brú ($65^{\circ}17,016-14^{\circ}01,437$) ofan foss.




2. **Bjölfur** 1085 m Úr Stafdal er ágæt leið á fjallið. Farið er upp vesturhlíðina. Gangan hefst við skíðaskálann í Stafdal ($65^{\circ}14,365-14^{\circ}06,725$). Gengið er með hlíðum Stafdalsfellsins og yfir Stafdalsá fyrir ofan efsta fossinn. Síðan er stefnan tekin á vesturhlíð fjallsins. Gestabókahirslan er í vörðu á hæsta hluta fjallsins, en á næsta hjalla um 70 m neðar er önnur varða. Þar er besta útsýnið.




3. **Nóntindur** 1065 m Hægt er að komast á tindinn vestur úr Króadalsskarði. Skemmtileg en frekar erfið leið er frá Fjarðarseli ($65^{\circ}14,685-14^{\circ}01,870$). Fylgt er þá gömlu símalínuleiðinni sem lá til Mjóafjarðar. Þegar komið er upp í Króadalsskarðið er beygt til vinstri (vestur) og er þá auðgengt á tindinn. Einnig er hægt að hefja gönguna frá minnimerkinu í Neðri-Staf ($65^{\circ}13,850-14^{\circ}04,813$), og er það mun léttari ganga.



4. **Hádegistindur** (ranglega merkt á kortum sem Gullpúfa) 1125 m Stutt en en frekar erfið leið er úr Seyðisfirði. Gangan hefst við Dagmálalæk, farið upp ofan Grákambur, austan við Gullpúfu (lítið fell neðan við Hádegistind), síðan upp bratta skriðu um Sörlastaðaskarð. Gengið á fjallið að austnanverðu. Fær leið er einnig úr Skógaskarði. Hægt er að komast á tindinn úr Sörlastaðadal, en sú leið er nokkuð löng.



- 5. Strandartindur** 1010 m (65°15,807-13°57,007) Þökkaleg leið er úr Sörlastaðadal. Gangan hefst þá við Sörlastaði. Gengið inn Sörlastaðadal og síðan upp suðurhlíð fallsins. Erfiðari leið er upp úr Botnum, þá er farið um bratt skarð innan við Dagmálatind (ranglega merkt á sumum kortum sem Miðtindur). Þegar komið er upp á brúnina við Dagmálatind, er henni fylgt til austurs, krækt er niður fyrir klettabelti sem hindrar leið og stefnan síðan tekin á tindinn.



- 6. Snjófjall** (merkt á sumum kortum sem Snjófell) 1028 m (65°14,757-13°50,116). Gangan hefst við bílastæðið í Austdal. Gengið er inn Austdalinn og stefnan tekin á Hrossadalli (ranglega merkt á sumum kortum sem Nónbotnar). Þar er farið upp fyrir klettabelti í hlíðinni og haldið hæð þar til komið er á móts við tindinn. Farið er upp bratta skriðu að austanverðu. Auðgengt er einnig frá fjallinu Bægslí. Til baka er skemmtileg leið niður með Austdalsánni.

